



Borgarnesi 21.02 2023

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

### Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðið til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 22 mars 2023. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 22 mars verður sem hér segir:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi


Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögunum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2022 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í september 2022 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2023.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þennan dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna. Allir fulltrúar sem sitja fund Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands hafa atkvæðisrétt

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, reading "Páll S. Brynjarsson" with a horizontal line extending to the right.

Páll S. Brynjarsson  
Framkvæmdastjóri SSV



# SNÆFELLSBÆR

Par sem jökullinn ber við loft...

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Innviðaráðuneytið	
Ml. P.13	Abn. HD
Innk. 07. FEB. 2023	
IRN 2302 0042	

Snæfellsbær, 24. janúar 2023

**Efni: Sjóböð í Krossavík, ákvæði skipulagsreglugerðar, nr. 90/2013, um fjarlægðir frá sjó.**

Þann 26. júlí 2022 óskuðu bæjaryfirvöld eftir undanþágu frá gr. 5.3.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 vegna baðstaðar við Krossavík. Nú hefur Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkt að beina breyttum tillögum að breytingu aðalskipulags og nýju deiliskipulagi vegna Krossavíkurbáða vestast á Hellissandi í auglýsingarferli. Mannvirki hafa verið færð fjar sjó en í fyrstu tillögum, vegna framkominna umsagna og athugasemda. Gróðurfar var metið á svæðinu og eftir breytingu víkur framkvæmdasvæði upp fyrir þéttasta gróður á bakka ofan fjöru og gönguleið verður tryggð austan mannvirkja.

Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein í Snæfellsbæ. Með breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags er stutt við uppbyggingu heilsutengdrar ferðapjónustu í nálægð við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, auk þess sem íbúar sveitarfélagsins njóta aukins framboðs affreyningar. Frá svæðinu er stórfenglegt útsýni til Snæfellsjökuls, inn eftir Snæfellsnesi og yfir Breiðafjörð.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í gr. 5.3.2.14 skal í þéttbýli lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skuli þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Í 45. grein skipulagslaga kemur eftirfarandi fram: Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulags-stofnunar og hlutadeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

Eftir breytingu eru hús utan 50 m frá strandlínu að undanskildu suðaustur horni hússins, en útisvæði eru að miklu leyti innan 50 m línunnar.

Bæjaryfirvöld fara þess hér með á leit við innviðaráðuneyti að veitt verði undanþága frá 50 m reglunni vegna baðlóns í Krossavík. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 fyrir Hellissand og Rif, en er utan vaxtarmarka þéttbýlis. Minnsta fjarlægð milli bygginga og strandlínu er nú rúmlega 38 m, en gert er ráð fyrir pottum á útisvæði nær strandlínu.

Gert er ráð fyrir að bílastæði verði um 200 m austan við lónið og verður akfær stígur að lóninu fyrir hreyfihamlaða og vörumóttöku. Norðvestan lónsins verði akfærum stíg breytt í göngustíg til að tryggja aðgengi gangandi áfram til norðvesturs. Auk þess er ákvæði í tillögu






# SNÆFELLSBÆR

Par sem jökullinn ber við loft...

aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags um opna gönguleið austan mannvirkja á barði og um fjöruna, svo unnt verði að nálgast lónið þaðan.

Mikil aukning hefur verið í manngerðum náttúruböðum undanfarin ár og eru áform um uppbyggingu fleiri slíkra baða. Sívaxandi fjöldi erlendra ferðamanna sem og Íslendinga nýta sér þau. Árið 2019 nýttu um 60% erlendra ferðamanna sér manngerð náttúrüböð og benda allar kannanir til að þetta hlutfall muni vaxa umtalsvert með fjölgun náttúrubaða. Samkvæmt markaðsrannsókn sem unnin var vorið 2021 má gera ráð fyrir að árlegur fjöldi gestar í Krossavíkurböðin verði á fyrsta rekstrarári um 36.000 manns og á þriðja rekstrarári um 45.000 manns. Það samsvarar á þriðja ári um 12% þeirra erlendu ferðamanna sem aka framhjá Hellissandi, sem er um 25% lægra hlutfall en þeirra sem aka framhjá Jarðböðunum við Mývatn og Kraumu og nýta sé þau böð.

## Úr tillögu að deiliskipulagi



Sjóböð í Krossavík munu gjörbylta umhverfinu í ferðapjónustu á norðanverðu Snæfellsnesi og verða nýr "verð að heimsækja" áfangastaður sem gerir ALLT Snæfellsnesið áhugaverðara og mun væntanlega leiða til að fleiri ferðamenn fari um svæðið og stoppi lengur á svæðinu.






## SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

Megin rök rekstraraðila og bæjaryfirvalda Snæfellsbæjar fyrir þessari staðsetningu eru að nánd við haf og stórbrotið landslag skiptir höfuðmáli varðandi upplifun ferðamannsins. Sérstaða Krossavíkurbaðanna verður nálægðin við hafið, þar sem jafnframt má njóta stórbrotins útsýnis. Staðsetning baðstaðarins nærri sjó gerir Krossavík að spennandi valkosti og unnt er að fella hús sem verða lágreistar einnar hæðar byggingar vel að umhverfi.

Virðingarfyllt  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



## Kristinn Jónasson

---

**From:** Jóhannes Á. Jóhannesson <johannes.a.johannesson@samband.is>  
**Sent:** mánudagur, 20. febrúar 2023 07:22  
**Subject:** Bókun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Góðan dag,

Til allra sveitarfélaga

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill vekja athygli allra sveitarfélaga á landinu á eftirfarandi bókun sem gerð var á stjórnarfundum samtakanna þann 17. febrúar síðastliðinn:

*Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040.*

*Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli.*

*Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttu eða samfélagssjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstartíma og vegna niðurrifs að rekstartíma liðnum og fleira.*

*Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.*

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.*

Til að ítreka mikilvægi sjónarmiða sveitarfélaganna í orkuskiptunum og vinnslu raforku skipaði stjórn á fundi sínum starfsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga. Formaður starfsnefndar er Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Jafnframt samþykkti stjórn að boða til fundar á næstu dögum um samfélagslegar forsendur við orkuskiptin.

Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga eru aðgengilegar á heimasíðu samtakanna, sjá :

<https://orkusveitarfelog.is/fundargerdir/>

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Snæfellsbær, 9. febrúar 2023**

Undirritaður, fyrir hönd Golfklúbbsins Jökuls, óskar hér með eftir því við bæjarstjórn að Golfklúbburinn fái annan helminginn af húsi 3 fyrir golfskála við nýja golfvöll golfklúbbsins á Breiðinni í Rífi.

  
Hjörtur Ragnarsson  
Hjörtur Ragnarsson



# Erindi

---

Umsókn um leyfi fyrir rekstri á stöðvalausri deilileigu  
fyrir rafskútur í Snæfellsbæ

## Tengiliðir

Friðþjófur Orri Jóhannsson, Snæhopp ehf.

snæfellsnes@hopp.bike

Sími 847-6644

Eiríkur Rafn Rafnsson, forstöðumaður stjórnsýslumála Hopp

eirikur.rafn@hopp.bike

Sími: 694-3222



## Efni

Efni þessa erindis er veitt sé leyfir fyrir opnun og rekstri á stöðvalausa deilileigu fyrir rafskútur á Hellissandi og Ólafsvík. Þjónustan væri rekin sem sérleyfi (e. franchise) undir formerkjum Hopp.

Hopp hefur verið starfandi í Reykjavík síðan haustið 2019. Haustið 2020 opnaði fyrsta Hopp-sérleyfið í Orihuela Costa á Spáni. Hopp rekur nú 33 sérleyfi í átta löndum og gera áætlanir ráð fyrir miklum vexti víðs vegar um heim árið 2023.

Viðskiptalíkan Hopp setur heimamenn í fyrsta sæti með því að verðleggja þjónustuna til að vera samkeppnishæfa öðrum almenningssamgöngum. 10 mínútna ferð á Hopp skútu kostar notanda 430 kr. Hjá Hopp eru níu af hverjum tíu notendum heimamenn.

Í sértækum hugbúnaði sem Hopp hefur hannað er hægt að fylgjast ítarlega með rekstrinum. Þar er meðal annars hægt að sjá hitakort yfir framboð og eftirspurn, útbúa svæði þar sem ekki er hægt að leggja rafskútum og einnig hægt að útfæra svæði sem setur hraðatakörkun á skúturnar. Hopp getur sett upp takmarkanir á notkun skútanna í samstarfi við sveitarfélagið.

## Framkvæmd

Sérleyfishafinn, Snæhopp ehf., verður eigandi rafskútanna, en starfsemin rekin með hugbúnaði og sérfræðiaðstoð frá Hopp ehf. Forsvarsmaður Snæhopp ehf. er Friðþjófur Orri Jóhannsson.

Stefnt er að hafa 20 skútur í Snæfellsbæ. Ef vel gengur og rekstrargrundvöllur er fyrir frekari stækkun þá mun sérleyfishafi geta fjárfest í fleiri skútum og stækkað flotann.

Eftir að opnað hefur verið á nýju svæði og rafskúturnar komnar í notkun mun sjálfvirkur hugbúnaður sýna ítarlega hvar eftirspurn er mest fyrir þjónustunni. Hopp mun nýta þau gögn til að tryggja að ekkert svæði sé með of margar eða of fáar skútur. Þetta veitir góða og áreiðanlega þjónustu án þess að skúturnar valdi óþægindum fyrir umferð og bæjarbúa.

Hopp leggur mikla áherslu á gott samstarf við sveitarfélög, lögreglu og aðra hagsmunaaðila á starfsvæðum sínum. Opinberir aðilar hafa beinan aðgang að forsvarsmanni rekstrarleyfis eða fulltrúa hans og bregðumst við hratt og örugglega við öllum ábendingum. Einnig hvetjum við sveitarfélög til að koma á reglulegum fundum til að ræða öryggismál, aðgengismál, hugmyndir og aðrar ábendingar.

## Ávinningur

Ávinningar þess að bjóða upp á deilileigu af rafskútum fyrir sveitarfélög og íbúa þeirra eru margvíslegir. Skúturnar eru t.d. góð lausn á vandamáli í almenningssamgöngum sem kallast “the last mile problem”. Vandamálið lýsir sér þannig að samgöngur eins og strætó og lestir eru skilvirkar í að koma fólki frá punkti A yfir á punkt B, en hvernig fólk ferðast til og frá þessum punktum er flóknara. Rafskútur eru góð lausn á þessu vandamáli. Einnig eru þau tilvalin í flestar ferðir einstaklinga í smærri bæjarfélögum, sérstaklega þar sem ferðapjónusta spilar stórt hlutverk.

Gögn sýna að um 40% allra bílferða eru einungis um þrjár mínútur að lengd. Þetta eru þær ferðir sem þjónustan getur auðveldlega skipt út og minnkað þar með útblástur sem og þörfina á einkabílum.

Starfsemi Hopp skilar beinum ávinningi í formi samdráttar á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Losun Hopp rafskúta er um 25-35 grömm koltvísýrings á hvern farþegakílómetra, en um 140 grömm hjá fólksbíl.

Hopp hefur þar að auki undirritað samning við Kolvið um gróðursetningu trjáa sem samsvara allri losun Hopp rafskúta um allan heim, þannig að nettó losun þeirra er engin. Því er mikill ávinningur í að skipta út styttri bílferðum einstaklinga fyrir rafskútur.

**Það er ósk okkar að gerður sé þjónustusamningur milli Snæfellsbæjar og sérleyfishafa um leyfi til reksturs og þróunar á deilileigu fyrir rafskútur á svæðinu.**

Virðingarfyllst,

*Friðbjófur Orri Jóhannsson*

Sérleyfishafi Hopp á Snæfellsnesi

*Eiríkur Rafn Rafnsson*

Forstöðumaður stjórnsýslumála hjá Hopp ehf.

Meðfylgjandi: Drög að þjónustusamningi milli Snæfellsbæjar og Hopp

# hopp

## Samstarfsyfirlýsing

— Rekstur á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ

## **Inngangur**

Mikill vöxtur hefur verið í framboði á samgöngumáta um allan heim sem hefur fengið íslenska heitið örflæði. Er þar vísað til smærri farartækja sem nýta samgönguinnviði betur, nýta ekki jarðefnaeldsneyti og eru oft í boði í skammtímaleigu. Helsta birtingarmynd örflæðis á Íslandi eru rafdrifin hlaupahjól, en Hopp hefur boðið upp á deilileigu á slíkum rafskútum síðan 2019.

Hopp mun bjóða íbúum og gestum Snæfellsbæjar skammtímaleigu á rafskútum.

## **Kostnaður**

Starfsemi Hopp er sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Einnig mun Hopp ekki gera kröfu á hendur sveitarfélaginu skemmist hjól vegna stöðu þeirra við snjómokstur eða aðrar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.

## **Skyldur Hopp**

Hopp tryggir að rafskútum sé dreift þannig að annarri umferð, jafnt gangandi, hjólandi eða akandi, stafi ekki hætta af og í samræmi við umferðarlög. Sérstaklega skal gætt að aðgengi hreyfihamlaðra við dreifingu rafskútanna.

Hopp mun kynna notendum sínum með reglubundnum hætti að rafskútum skuli leggja þannig að ekki stafi hætta eða óþægindi af, og í samræmi við umferðarlög.

Hopp mun hvetja notendur til að nota hjálm við akstur rafskúta.

Hopp mun fjarlægja rafskútur sem eru bilaðar eða ónothæfar innan 24 klukkustunda frá því að bilunar verður vart. Hopp framkvæmir úttekt á hverri rafskútu að minnsta kosti einu sinni í viku.

Hopp skuldbindur sig til að færa rafskútur sem tilkynnt hefur verið um að sé illa lagt innan fjögurra klukkustunda.

Hopp notar eingöngu ökutæki sem ganga fyrir rafmagni við að úthluta, þjónusta og sækja rafskútur.

Hopp mun veita sveitarfélaginu reglulega upplýsingar um fjölda rafskúta í umferð.

Hopp getur, að beiðni sveitarfélagsins, veitt reglulegar upplýsingar um fjölda notenda, fjölda ferða og meðalfjölda ferða á hverja rafskútu. Hopp fylgir persónuverndarlögum til hins ítrasta við öflun upplýsinganna.

## Skyldur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið getur fært eða fjarlæggt rafskútur sem hefur verið lagt þannig að bein hætta stafar að. Sé rafskúta fjarlægð skal sveitarfélagið tilkynna Hopp um þá aðgerð innan sólarhrings.

Samstarfsyfirlýsingu þessa má afhenda þriðja aðila, sé þess óskað, og/eða birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sé tilefni til getur sveitarfélagið upplýst íbúa og gesti sveitarfélagsins um öruggar leiðir til notkunar rafskútna, svo sem með fræðslu, skiltum eða á hvern annan máta sem hentar.

## Tengiliðir

Sérleyfishafi Hopp á Snæfellsnesi er Snæhopp ehf. Forsvarsmaður er Friðþjófur Orri Jóhannsson, netfang [snæfellsnes@hopp.bike](mailto:snæfellsnes@hopp.bike), sími 847-6644. Tengiliður við Hopp á Íslandi er Þorgrímur Emilsson, viðskiptastjóri, netfang [thorgrimur@hopp.bike](mailto:thorgrimur@hopp.bike), sími 868-2515.

## Eftirfylgni

Hopp og Snæfellsbær hyggjast meta reglulega árangur af komu Hopps til Snæfellsbæjar. Árlega, og oftár ef þurfa þykir, skulu tengiliðir Hopp og sveitarfélagsins funda um stöðu smáfarartækja í sveitarfélaginu og athuga hvort tilefni sé til breytinga eða úrbóta.

## Gildistími

Samstarfsyfirlýsing þessi gildir í þrjú ár frá undirritun hennar, með möguleika á framlengingu í tvö ár. Báðir aðilar samstarfsyfirlýsingarinnar geta rift samstarfinu. Slíkt skal gert með tilkynningu til hins aðilans. Að loknum þremur mánuðum frá tilkynningu um riftingu falla allar skuldbindingar samstarfsins niður.

Staður og dagsetning,

---

f.h. Snæfellsbæjar

---

f.h. Snæhopp ehf.

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Róbert Róbertsson <roberter@simnet.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 28. febrúar 2023 09:42  
**To:** roberter  
**Subject:** Breytingar á pósthjónustu í Ólafsvík  
**Attachments:** Þórhildur Mynd 1.png

Góðan dag

Meðfylgjandi er fréttatilkynning frá Póstinum. Á næstu mánuðum hyggst Pósturinn gera breytingar á pósthjónustu í Ólafsvík. Til stendur að loka pósthúsinu þar en leggja þess í stað meiri áherslu á annars konar þjónustu.

Kveðja  
Róbert Róbertsson  
Boðskipti  
Sími 861 3575

Breytingar á pósthjónustu í Ólafsvík

Á næstu mánuðum hyggst Pósturinn gera breytingar á pósthjónustu í Ólafsvík. Til stendur að loka pósthúsinu þar en leggja þess í stað meiri áherslu á annars konar þjónustu.

Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri Póstsins, segir að lögð sé áhersla á að þróa þjónustuna í takt við breyttar þarfir og kröfur neytenda. „Dregið hefur úr eftirspurn eftir afgreiðsluþjónustu pósthúsa. Þar af leiðandi er lagt upp úr að þróa annars konar lausnir. Okkar ánægðustu viðskiptavinir eru þeir sem nota pósthöskur auk þess sem í dag er hægt að pósthleggja þakka í pósthöskur. Flest pósthöskur eru aðgengileg allan sólarhringinn og eru einföld í notkun.“ segir Þórhildur.

Stafræn umbreyting kallar á nýjar nálganir í þjónustu og við verðum að bregðast við því. Um leið ber okkur beinlínis skylda til að leita hagkvæmra leiða í rekstrinum og því eru breytingar sem þessar óhjákvæmilegar. Pósturinn hefur lagt höfuðáherslu á að endurskipuleggja þjónustu fyrirtækisins með viðskiptavini í forgrunni. Hluti af þeirri vegferð eru fleiri sjálfvirkar afhendingarleiðir í aukinni nálægð við viðskiptavini. „Markmið okkar er ávallt að fjölga afhendingarstöðum en það er okkur mikið kappsmál að bæta við pósthöskum í helstu þéttbýliskjarna á landsbyggðinni. Það skiptir máli að bjóða upp á þétt dreifinet móttöku og afhendingastaða til að vera sem næst viðskiptavininum okkar, segir Þórhildur.

Pósturinn býður upp á fjölbreyttar þjónustuleiðir í takt við nýjar áherslur. „Við erum óendanlega þakklát fyrir það góða starf sem hefur verið innt af hendi á þessari starfsstöð og þrátt fyrir þessar breytingar er Pósturinn ekki að fara neitt. Við ætlum okkur að sjálfsgöðu að halda áfram að veita góða þjónustu. Við erum með pósthöskur í Ólafsvík við Orkuna, á Hellissandi við Hraðbúðina og á fleiri stöðum á Snæfellsnesi. Við hvetjum alla til þess að nýta sér það pósthöskur sem hentar þeim hvað best. Auk pósthöskur mun bréfbær halda áfram að sjá um dreifingu. Þeir sem það kjósa geta haft samband við bílstjórnann í gegnum síma. Okkar besta fólk er klárt á útkeyrsluvaktinni til að afhenda þakka heim að dyrum 5 daga vikunnar. Fyrir þá sem eru á ferðinni, og vilja nýta sér afgreiðslu á pósthúsi, má sjá afgreiðslustaði á vef Póstsins.

Á posturinn.is má finna itarefni og upplýsingar um fjölbreytta þjónustu Póstsins. Auk þess er alltaf velkomið að hafa samband við þjónustuver í síma 580 1000 eða spjallköttinn Njál á posturinn.is. Á næstu vikum munu íbúar á svæðinu fá nánari upplýsingar um hvernig þjónustunni verður hagað í framhaldinu.

Myndatexti:

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Dýraverndarsamband Íslands <dyravernd@dyravernd.is>  
**Sent:** föstudagur, 10. febrúar 2023 12:10  
**Subject:** Dýraverndarsamband Íslands hvetur sveitarfélög til að koma villtum fuglum til aðstoðar  
**Attachments:** Hvatning til sveitarfélaga\_10.02.23.pdf

Góðan dag,

Þessi vetur hefur reynst villtum fuglum sérlega erfiður, en frosthörkur hafa verið óvenjulega miklar og langvarandi. Fjöldi fugla hefur drepist vegna þess að þeir hafa ekki komist í fæðu og margir þeirra glíma nú við máttleysi sökum hungurs og kulda.

Á höfuðborgarsvæðinu eru grágæsir sérlega illa staddar því þær eru háðar fóðurgjöfum þegar jarðbönn eru slík að þær geta ekki komist í beit á túnum og grasflötum. Öfugt við endur og álfir ná þær ekki í fæðu í fjöruna og grunnsævið. Gæsirnar er sérstakur stofn, svokallaðar Reykjavíkurgæsir, sem halda sig allt árið á höfuðborgarsvæðinu og leggjast ekki í far öfugt við gæsir annars staðar (flestar grágæsir fara til Bretlands og Írlands). Þessi stofn varð til eftir miðja síðustu öld og eru nú um 1000 fullorðnir fuglar í honum (upplýsingar fengnar frá Ólafi Karli Nielsen formanni Fuglaverndar og Arnóri Sigfússyni fuglafræðingi).

Dýraverndarsamband Íslands vill hvetja öll sveitarfélög að koma villtum fuglum og öðrum dýrum sem nú eru í neyð vegna veðráttunnar til hjálpar með fóðurgjöf þar til hlýnar.

Minnt er á 7 gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, þar sem segir um hjálparskyldu:

*Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber skv. lögum að veita því umönnun eftir föngum.*

*Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða.*

Með von um jákvæð viðbrögð,

Dýraverndarsamband Íslands

---

Dýraverndarsamband Íslands

Grensásvegi 8,  
104 Reykjavík  
s. 858 3044

[dyravernd@dyravernd.is](mailto:dyravernd@dyravernd.is)  
[www.dyravernd.is](http://www.dyravernd.is)



Reykjavík 10.02.2023

**Dýraverndarsamband Íslands hvetur sveitarfélög til að koma villtum fuglum til aðstoðar.**

Þessi vetur hefur reynst villtum fuglum sérlega erfiður, en frosthörkur hafa verið óvenjulega miklar og langvarandi. Fjöldi fugla hefur drepist vegna þess að þeir hafa ekki komist í fæðu og margir þeirra glíma nú við máttleysi sökum hungurs og kulda.

Á höfuðborgarsvæðinu eru grágæsir sérlega illa staddar því þær eru háðar fóðurgjöfum þegar jarðbönn eru slíkar að þær geta ekki komist í beit á túnnum og grasflötum. Öfugt við endur og álftir ná þær ekki í fæðu í fjöruna og grunnsævið. Gæsirnar er sérstakur stofn, svokallaðar Reykjavíkurgæsir, sem halda sig allt árið á höfuðborgarsvæðinu og leggjast ekki í far öfugt við gæsir annars staðar (flestar grágæsir fara til Bretlands og Írlands). Þessi stofn varð til eftir miðja síðustu öld og eru nú um 1000 fullorðnir fuglar í honum (upplýsingar fengnar frá Ólafi Karli Nielsen formanni Fuglaverndar og Arnóri Sigfússyni fuglafræðingi).

Dýraverndarsamband Íslands vill hvetja öll sveitarfélög að koma villtum fuglum og öðrum dýrum sem nú eru í neyð vegna veðráttunnar til hjálpar með fóðurgjöf þar til hlýnar.

Minnt er á 7 gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, þar sem segir um hjálparskyldu:

*Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber skv. lögum að veita því umönnun eftir föngum. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða.*

Með von um jákvæð viðbrögð,

Dýraverndarsamband Íslands